

Þriðjudaginn 19. nóvember 2019 kl. 13:00 kom fulltrúaráð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses. saman til fundar í Skúlagarði í Kelduhverfi og í Zoom.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar (14 af 19);

- frá Þingeyjarsveit, Arnór Benónýsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Margrét Bjarnadóttir
- frá Skútustaðahreppi, Helgi Héðinsson, Elísabet Sigurðardóttir (í Zoom)
- frá Norðurþingi, Benóný Valur Jakobsson, Birna Ásgeirsdóttir (í Zoom), Hafrún Olgeirsdóttir (í Zoom), Helena Eydís Ingólfssdóttir, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir (í Zoom) (vantar 1 fulltrúa)
- frá Tjörneshreppi, enginn (vantar 1 fulltrúa)
- frá Svalbarðshreppi, Ina Leverköhne
- frá Langanesbyggð, Siggeir Stefánsson (vantar 1 fulltrúa)
- frá samtökum launþega, Aðalsteinn Árni Baldursson (vantar 1 fulltrúa)
- frá samtökum atvinnurekenda, Elísabet Gunnarsdóttir (vantar 1 fulltrúa)

Einnig sátu fundinn Sigurður Þór Guðmundsson, oddviti Svalbarðshrepps, stjórnarmennirnir Elías Pétursson og Pétur Snæbjörnsson og framkvæmdastjóri Reinhard Reynisson.

Þetta gerðist.

1) Setning fundar og skipan starfsmanna

Formaður stjórnar, Elías Pétursson setti fund, bauð fundarmenn velkomna og lagði til að Arnór Benónýsson yrði kjörinn fundarstjóri og Reinhard Reynisson fundarritari. Aðrar tillögur komu ekki fram og voru þeir því sjálfkjörnir til starfans.

2) Lögmæti fundarins

Fundarstjóri fór yfir lögmæti fundarins og komu engar athugasemdir fram við boðun hans og á fundinn eru mættir 14 af 19 fulltrúum og fundurinn því lögmætur.

3) Tillögur um sameiningu á starfsemi Eyþings, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga

Formaður stjórnar reifaði aðdraganda og það vinnuferli sem liggur fyrir liggjandi tillögum til grundvallar og gat þess að bæði Eyþing og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar hefðu á fundum sínum 15. nóv. og 18. nóv. sl. samþykkt fyrir liggjandi sameiningartillögur. Því næst fór hann yfir drög að samþykktum fyrir ný samtök, tillögur stýrihóps sem skipaður var formönnum stjórna viðkomandi eininga og tillögu að launastefnu nýrra samtaka.

Að yfirferð lokinni opnaði fundarstjóri fyrir almennar umræður.

- Aðalsteinn Árni Baldursson gagnrýndi sameiningarferlið sem hann líkti við útför og taldi að Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hefði gegnum árin skilað svæðinu góðu starfi til eflingar byggð og atvinnulífi. Kraftar svæðisins myndi nýtast ver í sameinuðum samtökum en með því að halda starfseminni áfram í sér einingu. Gerði hann grein fyrir og las bókun Framsýnar frá 18. nóv. sl. um málið en þar er eindregið lagst gegn sameiningunni.
- Helena Eydís Ingólfssdóttir taldi að þó vissulega mætti laga eitt og annað í því uppleggi sem fyrir lægi væri rétt að hefja vegferðina og nýta hana til að gera gott starf betra, stofna til nýrrar og sterkari fjölskyldu.

- Elías Pétursson minnti á að eftir það samtal sem forsvarsmenn atvinnuþróunarfélagsins áttu við sveitarfélögin um málið fyrr á þessu ári hafi það legið skýrt fyrir að pólitískur vilji hefði verið fyrir því að láta reyna á þessa vegferð. Mikilvægt væri einnig að sem flestir aðilar kæmu að stefnumótun og markmiðssetningu nýrra samtaka.
- Siggeir Stefánsson fór yfir það að skipulag þessara mála hefði lengi verið til umræðu. Ljóst væri að svæðið allt væri í ákveðinni vörn og hans niðurstaða væri að sameining myndi frekar skila okkur fram á veginn en óbreytt fyrirkomulag. Lagði einnig áherslu á að ný samtök settu sér markmið í byggðapróun og að öll byggðarlögin þurfi að finna sig í nýjum samtökum þannig að þau næðu þeim árangri sem að er stefnt, m.a. sem sterkari eining gagnvart ríkisvaldinu.
- Helgi Héðinsson andmælti því að hér væri um að ræða útför enda starfsemin á hverjum tíma fólgin í þeim mannauði sem hún hefði á að skipa og allir væru sammála um að núverandi starfsmönnum stæði öllum til boða áframhaldandi starf hjá nýjum samtökum. Hann taldi að allir væru sammála um að efla svæðið en greindi hins vegar á um leiðir. Sjálfur treysti hann því að framhaldið yrði með þeim hætti sem upp hefur verið lagt í gögnum og fyrri samþykktum á vettvangi sveitarfélaganna (Eyþings).
- Sigurður Þór Guðmundsson gerði grein fyrir því að í fyrstu hefði sveitarstjórn Svalbarðshrepps verið neikvæð gagnvart hugmyndinni en að athuguðu máli talið skynsamlegra að vera með í ferlinu og hafa eitthvað um það að segja frekar en að láta öðrum eftir alla stefnumótunina.

Að almennum umræðum loknum gerði fundarstjóri 15 mín. kaffihlé.

4) Afgreiðslutillaga meirihluta stjórnar

Formaður stjórnar gerði grein fyrir afgreiðslutillögu meirihluta stjórnar og farið var yfir hana lið fyrir lið. Að því loknu var opnað fyrir umræðu. Tillaga kom fram um breytingu á málsgrein varðandi tillögu að samþykktum nýrra samtaka og var hún samþykkt með 11 atkvæðum gegn 3.

Afgreiðslutillagan með áorðnum breytingum sem borin var upp til afgreiðslu er svohljóðandi:

Fulltrúaráðsfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses. , haldinn í Skúlagarði 19. nóvember 2019 samþykkir fyrir sitt leiti sameiningu Eyþings, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga í ný landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Ný samtök skulu taka við verkefnum þeirra þriggja eininga sem um ræðir. Einnig samþykkir fundurinn framlagða tillögu stýrihóps, framlagðar samþykktir, með þeim breytingum sem samþykktar voru á aðalfundi Eyþings á Dalvík 15. nóvember sl. og önnur framlögð gögn er að sameiningu snúa og eiga við um hin nýju landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.

Samþykki fundarins byggir á samþykkt aukaáðalfundar Eyþings sem haldinn var á Akureyri 9. apríl sl. sem og samþykkt aðalfundar á tillögu stjórnar Eyþings sem samþykkt var samhljóða á aðalfundi Eyþings höldnum í Mývatnssveit 21. og 22. september 2018.

Fundurinn áskilur stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses., að breyttu breytanda, aðkomu að því ferli sem gerð er grein fyrir í tillögu stýrihóps og vísað er til í fyrstu málsgrein samþykktar þessarar.

Fundurinn samþykkir að sameinaður rekstur taki til starfa þann 1. janúar 2020. Allt lausafé AP, þ.e. skrifstofubúnaður og tækjakostur, þ.m.t. tölvubúnaður, þó ekki peningalegar eignir, flytjist yfir til hinna nýju samtaka á þeim tíma án endurgjalds.

Hvað varðar aðrar eignir er stjórn falið að leggja fram tillögu að ráðstöfun og jafnframt að leggja fram tillögu að framtíð atvinnuþróunarfélagsins í einhverri mynd eða slitum þess. Skulu ákvarðanir um ráðstöfun eignanna liggja fyrir eigi síðar en 31. mars 2020.

Fundurinn telur að ýmislegt í tillögum að samþykktum hinna nýju samtaka þarfnist frekari skoðunar og þá sérstaklega ákvæði um verkefni þinga samtakanna og verkaskiptingu stjórnar.

Fundurinn leggur áherslu á að skipulag nýrra samtaka og starfsemi skuli endurspegla ólíkar byggðir á starfsvæðinu og leggur áherslu á að samtökin vinni með það að markmiði að auka samtal milli ólíkra svæða, og mismunandi atvinnugreina.

Fundurinn leggur áherslu á að starfsemi og skipulag nýrra landshlutasamtaka endurspeglí atvinnustarfsemi á starfsvæðinu og eflí samtal innan og á milli atvinnugreina. Með það að markmiði skal setja á stofn sérstakt atvinnu- og nýsköpunarsvið sem hafa skal sérstaka stjórn (fagráð) sem vinna skal í umboði stjórnar og aðalfundar og vinna að framþróun og eflingu atvinnulífs á svæðinu öllu. Stjórn nýrra samtaka er falið að hafa forgöngu um samningu skýrra starfsreglna fagráðsins, þar skal taka á fyrirkomulagi starfs, ábyrgð og umboði. Í fagráð atvinnulífs skal, ásamt fulltrúum sveitarfélaganna, skipa tvo fulltrúa atvinnurekenda og tvo fulltrúa stéttarféлага og skulu þeir tilnefndir af hlutaðeigandi aðilum á svæðisbundnum forsendum.

Jafnframt leggur fundurinn til að sett verði á fót sérstakt menningarsvið sem hafi það hlutverk að efla menningu á starfsvæðinu, enda er menning ein megin undirstaða velferðar og blómlegs atvinnulífs. Sviðið skal hafa sérstaka stjórn (fagráð) sem vinna skal í umboði stjórnar og aðalfundar að framþróun og eflingu menningarlífs á svæðinu öllu. Stjórn nýrra samtaka er falið að hafa forgöngu um samningu skýrra starfsreglna fagráðsins, þar skal taka á fyrirkomulagi starfs, ábyrgð og umboði. Við skipan í fagráð menningar skal þess gætt að í ráðinu sé blanda fólks úr menningargeiranum, menningaratvinnulífinu og frá sveitarfélögum.

Fundurinn telur mikilvægt að í starfsreglum stjórnar hinna nýju samtaka verði skilgreindar skýrar lausnir varðandi reglubundna upplýsingagjöf um störf stjórnar til skipaðra þingfulltrúa samtakanna á milli þinga þess.

Að lokum þakkar fundurinn öllum þeim er að vinnu undanfarinna mánaða hafa komið og lýsir því yfir fundurinn telur að með þessari samþykkt sé brotið blað í samvinnu sveitarféлага í landshlutanum. Einnig er það fullvissa fundarins að allir sem að verkefninu koma muni vinna í anda þess að hagsmunum svæðisins sé best borgið með náinni samvinnu þvert á sveitarfélagamörk og atvinnugreinar.

Aðalsteinn Árni Baldursson lagði fram umboð frá oddvita Tjörneshrepps þar sem honum er veitt umboð til að greiða atkvæði f.h. sveitarfélagsins á fundinum.

Fundarstjóri bar því næst afgreiðslutillöguna upp með áorðnum breytingum og var hún samþykkt með 12 atkvæðum gegn 2 og 1 sat hjá.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og gaf formanni stjórnar orðið.

Formaður þakkaði fundarmönnum einnig og minnti á að nú tæki við vinnuferli á vettvangi stjórnar við útfærslu sameiningarinnar á grunni samþykktar fundarins og í samstarfi eininganna þriggja.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55

Arnór Benónýsson sign
Fundarstjóri



Fundarritari